

3. tbl. 19. árgangur • júní 2008

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Forsíðumyndin



Forsíðumyndin er af Ómari Erni Jónssyni sem starfar hjá Trésmiðjunni Val ehf. á Húsavík. Myndina tók Aðalsteinn Á. Baldursson.

Ríkissamningurinn til umræðu

Fulltrúar Framsýnar funduðu í síðustu viku með starfsmönnum Heilbrigðisstofnunar Pingeyinga sem eiga það sameiginlegt að vera félagsmenn í Framsýn og starfa eftir kjarasamningi fjármálaráðherra fh. ríkisjóðs og Starfsgreinasambands Íslands. Framsýn er aðili að kjarasamningnum. Á fundinum var gerð grein fyrir samkomulagi um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila í 11 mánuði. Það er frá 1. maí 2008 til 31. mars 2009. Mjög skiptar skoðanir komu fram á fundinum varðandi innihald samkomulagsins. Starfsmenn höfðu vonast til að laun þeirra yrðu hækkuð umtalsvert meira miðað við yfirlýsingar ráðamanna þjóðarinnar

sem talað hafa fyrir því að laun fólks við aðhlynningu þyrftu að hækka sérstaklega. Atkvæðagreiðsla um samkomulagið stendur yfir til 20. júní og hafa félagsmenn sem hafa kjörgengi þegar fengið kjörgögn. Helstu atriði samkomulagsins eru eftirfarandi: Launataxtar hækka um kr. 20.300 eða um 14%, ný launatafla tekur gildi, grunnlaun yngsta aldurshópsins hækka sérstaklega, starfsmenn í tímamældri ákvæðisvinnu fá 17.000 króna uppbót, réttur foreldra til fjarveru á launum vegna veikinda barna er bættur, úr 10 í 12 daga og framlag í styrktar- og sjúkrasjóð hækkar um 0,2%, verður 0,75%.



Formaður Framsýnar gerir starfsmönnum Heilbrigðisstofnunar Pingeyinga grein fyrir samkomulaginu.

Framsýn hvetur til barneigna

Eitt af markmiðum Framsýnar, stéttarfélags er að fjölga Pingeyingum. Félagið hefur því ákveðið að veita öllum fullgildum félagsmönnum sem eignast börn fæðingarstyrk kr. 50.000,-. Þannig fá hjón sem eru bæði félagsmenn kr. 100.000,-. Fæðist tví- eða þríburar dobblast upphæðin sem því nemur. Nú er því um að gera fyrir félagsmenn sem eru á barneignaraldi að hefjast handa



við að fjölga Pingeyingum. Góða skemmtun.

Skólaliðar funda um sín mál

Fulltrúar Framsýnar áttu nýlega fund með skólaliðum í Borgarhólsskóla á Húsavík. Farið var yfir nokkur mál sem skólaliðarnir vildu ræða við starfsmenn félagsins og auk þess voru væntanlegar kjaraviðræður við Launaneftnd sveitarfélaga til umræðu en kjarasamningar eru lausir hjá starfsmönnum sveitarfélaga í lok nóvember á þessu ári. Fram kom á

fundinum að Framsýn mun á næstu vikum hefja undirbúning við mótun kröfugerðar sem kemur til með að taka mið af tillögum félagsmanna sem starfa hjá sveitarfélögum á svæðinu. Góður andi var á fundinum enda farsælu skólastarfi að ljúka og sumarfrí starfsmanna og nemenda framundan.



Heiða, Sigga og Bina ásamt öðrum skólaliðum Borgarhólsskóla funduðu með fulltrúum Framsýnar fyrir síðustu helgi.

Fyrsti fundur Framsýnar

Stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar kom saman til fyrsta fundar þann 6. júní eftir sameiningu Verslunarmannafélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis. Nokkur mál voru á dagskrá s.s. starfsreglur

trúnaðarmannaráðs, atvinnumál, ársreikningar félagsins og orlofsmál. Í lok fundar grilluðu fundarmenn saman og skáluðu fyrir góðu starfi og sameiningu félaganna í eitt öflugasta stéttarfélag sem er starfandi á Íslandi í dag.



Agnes og María sem báðar sitja í trúnaðarmannaráði Framsýnar ræða hér saman í fundarhléi. Greinilegt er að það er áhugavert málefni.



Í lok fundar var skálad fyrir sameiningu félaganna og góðu starfi. Aðalbjörg, Unnur og Gunnþórunn sáu ástæðu til að brosa um leið og þær skáluðu fyrir nýja félaginu.

Súpufundur í hádeginu

Skrifstofa stéttarfélaganna stóð nýlega fyrir kynningarfundi um verkefnið Samvinna og ábyrgð í málefnum innflytjenda. Til fundarins var boðið fulltrúum Norðurþings auk stofnana sveitarfélagsins sem og fulltrúum lögreglu, Rauða krossins, Sýsluskrifstofunnar, Heilbrigðisstofnunar Pingeyinga, fjölmiðla, banka og sparisjóða. Sóknarprestí Húsvíkinga var einnig boðið að sitja fundinn.

Á fundinum gerði Aðalsteinn Á. Baldursson grein fyrir verkefninu sem miðað hefur að því að efla innflytjendur í Norðurþingi til þátttöku í atvinnulífínu og samfélaginu almennt í samræmi við stefnu ríkistjórnarinnar um aðlögun innflytjenda frá því í janúar 2007. Hann sagði að verkefnið hefði skilað góðum árangri og hefði sannað mikilvægi sitt. Ekki veitti af þar sem innflytjendum hefði fjölgað um 340% á þremur árum. Árið 2005 hefðu 43 innflytjendur haft lögheimili í Norðurþingi. Um síðustu áramót hefði þessi tala verið komin í 146,

hann mikilvægt að verkefnið héldi áfram en það yrði ekki hægt nema með góðum fjárhagslegum stuðningi úr samfélaginu. Hann sagðist jafnframt vilja þakka Þekkingarsetri Pingeyinga fyrir samstarfið en setrið hefði í samstarfi við félagið skipulagt íslenskunám og Landnemaskóla fyrir innflytjendur sem skilað hefði góðum árangri þar sem stór hópur innflytjenda hefðu tekið þátt í náminu, flestir af miklum áhuga. Hann þakkaði einnig starfsfólki Skrifstofu stéttarfélaganna fyrir frábært starf. Þá hefði verkefnið vakið mikla athygli og hefðu fulltrúar stéttarfélaganna farið víða um land undanfarið til að kynna það. Að lokum færði Aðalsteinn staðgengli sveitarstjóra Norðurþings, Guðbjarti E. Jónssyni, skýrslu sem Skrifstofa stéttarfélaganna hefur tekið saman um verkefnið um leið og hann hvatti til samstöðu heimamanna um málefni erlendra starfsmanna á svæðinu. Hann sagði að erlendum starfsmönnum mundi væntanlega fjölga verulega ef Alcoa tæki ákvörðun um að byggja álver á

koma erlendis frá eru á aldrinum 26 til 30 ára sem er gott mál því fækkunin á Húsavík er mest á þessum aldri. Flestir sem hingað koma, koma frá Póllandi. Þá vekur athygli að menntun þeirra sem koma er mjög góð því langflestir eru með framhaldskólamenntun. Flestir sem hér eru hafa búið á svæðinu í 1 til 2 ár. Rétt um 83% erlendra starfsmanna í Norðurþingi

og aðeins 23% aðspurðra þekktu til Sýsluskrifstofunnar á Húsavík. Flestir innflytjendanna skipta við Landsbankann eða 41%, 36% skipta við Glitni, 22% við Sparisjóð Pingeyinga og 1% við Kaupþing. Flestir sem koma hingað koma eru í leit að betri lífskjörum eða 43% aðspurðra. Tilviljun virðist hafa ráðið því að Ísland var fyrir valinu því 53% aðspurðra svöruðu



flestar þeirra væru búsettir á Húsavík. Á félagssvæði stéttarfélaganna hefðu 186 innflytjendur verið skráðir með lögheimili um síðustu áramót. Að sögn Aðalsteins er aðeins hluti þeirra erlendra starfsmanna sem hingað koma til starfa skráðir með lögheimili á svæðinu þess vegna væri þessi hópur töluvert stærri en opinberar tölur segðu til um. Þá sagði hann að sveitarfélagið Norðurþing hefði komið að verkefninu með því að styrkja það um eina milljón. Félagsmálaráðuneytið hefði einnig lagt verkefninu lið með styrk kr. 750.000,-. Hann þakkaði fyrir framlögin sem hann sagði að komið hefðu að góðum notum.

Aðalsteinn rakti í máli sínu helstu verkefni sem Skrifstofa stéttarfélaganna hefur unnið að með innflytjendum sem eru mörg og fjölbreytileg. Hann sagði þá líta á Skrifstofu stéttarfélaganna sem sitt sendiráð, One stop shop. Þá taldi

Húsavík á næstu árum. Mikilvægt væri að samfélagið væri tilbúið að taka við fólkinu. Það yrði ekki hægt nema menn væru vel undir það búinir. Stéttarfélagin væru tilbúin að leiða verkefnið í góðu samstarfi við hagsmunaaðila.

Því næst gerði Selma Kristjánsdóttir starfsmaður Þekkingarseturs Pingeyinga grein fyrir uppbyggingu náms fyrir nýbúa á vegum setursins og stéttarfélaganna.

Haraldur Reinhardsson fór yfir viðhorfskönnun sem Þekkingarsetur Pingeyinga gerði í samstarfi við Skrifstofu stéttarfélaganna. Samkvæmt könnuninni er almenn ánægja meðal innflytjenda í Norðurþingi með þá þjónustu sem opinberir og þjónustuaðilar eru að veita þessum einstaklingum. Kynjaskipting innflytjenda er þannig, karlar eru 53,6% og konur eru 46,4%. Flestir sem hingað

þekkir til Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis sem er frábær niðurstaða. Þá vita 78% aðspurðra um starfsemi Verkalýðsfélagsins. Um 82% aðspurðra voru ánægðir með þjónustuna, 14% tóku ekki afstöðu. Um 65% aðspurðra þekktu til starfsemi Þekkingarseturs Pingeyinga og um 80% aðspurðra voru ánægðir með námskeiðin sem þeir höfðu sótt á vegum setursins. Þá þekktu 69% til þjónustu Heilbrigðisstofnunar Pingeyinga, 38% til Norðurþings

því til. Um 64% aðspurðra líkar vel í Norðurþingi. Um 71% aðspurðra líkar vel í vinnunni. En aðeins 25% aðspurðra líkar við veðrið á Íslandi. Langflestir ætla heim aftur eftir nokkur ár á Íslandi. Þetta er það helsta sem kom fram í máli Haraldar á fundinum í hádeginu. Eftir framsögur Aðalsteins, Selmu og Haraldar komu fram fjölmargar spurningar sem þau svöruðu eftir bestu getu. Verkefnið fékk mjög góðan hljómgrunn á fundinum.

Bjarki hannaði merki Framsýnar

Framsýn, stéttarfélag hefur tekið í notkun nýtt félagsmerki sem er tákn um framsýni og skarpskyggni. Merkið er að mestu í rauðum lit sem er traustur litur og heitur sem hæfir vel stéttarfélagi sem vill njóta virðingar og trausts meðal félagsmanna og landsmanna allra. Merkið er víkinga segl en markmið félagsins verður að gefa fólki byr í seglin með því að sækja fram í réttindabaráttu félagsmanna og þar með samfélagsins í heild. Víkingaseglið hefur einnig með uppruna okkar að gera. Seglið hefur ákveðna merkingu um sameiningu, þar sem marga þarf til að sigla víkinga skipum. Formin eru mjúk og hvöss. Þá er skriftin glaðleg og nútímaleg. Merkið er hannað af Bjarka Lúðvíkssyni sem starfar á auglýsingastofnunni Hvíta húsinu. Bjarki er þekktur grafískur hönnuður sem útskrifaðist frá

Myndlistaskólanum á Akureyri árið 1999. Bjarki hefur hannað mörg þekkt merki sem m.a. hafa hlotið íslensku markaðsverðlaunin. Þá hafa merki sem hann hefur hannað komist í bók sem gefin er út erlendis sem tekur á bestu merkjum sem gerð eru í Evrópu ár hvert. Meðal merkja sem hann hefur hannað eru merki Glitnis, Actavis og nú Framsýnar.



Haustferð Framsýnar og Heimsferða til Rhodos

Heimsferðir standa fyrir 11 daga sumarauka til Rhodos 9. til 20. september í haust. Flögið verður frá Akureyri. Framsýn, stéttarfélag er aðili að ferðinni og niðurgreiðir hana um kr. 15.000,- per fullgildan félagsmann.

Verð frá kr. 80.390,- fyrir niðurgreiðslu Framsýnar miðað við tvo í íbúð. **Nánari upplýsingar veitir Jón Gestsson umboðsmaður Heimsferða á Húsavík í síma 464-1334 eða 844-2426.**



Heimsferðir og Framsýn hafa gert með sér samkomulag um að félagið niðurgreiði 11 daga ferð í haust til Rhodos fyrir félagsmenn. Flögið verður frá Akureyri.

Kynningarfundur um álver á Bakka

Framsýn, stéttarfélag Pingeyinga stóð fyrir kynningarfundum um stöðu verkefnisins um uppbyggingu álvers á Bakka við Húsavík í samstarfi við Píngið. Auk fulltrúa Alcoa og Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga sátu fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Samiðnar, Rafiðnaðarsambands Íslands og stéttarfélagi í Eyjafirði fundinn.

Erna Indriðadóttir upplýsingafulltrúi Alcoa Fjarðaáls, Kristján Þ. Halldórsson verkefnastjóri

samfélagsmála hjá Alcoa á Norðurlandi og Tryggvi Finnsson frá Atvinnuþróunarfélagi Pingeyinga kynntu stöðu verkefnisins fyrir fundarmönnum. Í máli þeirra koma fram að verkefninu miðar vel áfram og gangi allar áætlanir eftir verður álverið komið í full afköst árið 2014 eða 2015.

Að loknum fundi nýttu nokkrir gestkomandi fundarmenn sér tækifærið og fóru í útsýnisferð að áætluðu byggingarsvæði álvers á Bakka í fylgd heimamanna.



Fulltrúar Alcoa og Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga gerðu fundarmönnum grein fyrir stöðu og hugsanlegri uppbyggingu álvers á Bakka við Húsavík.

Ályktað um Íbúðalánasjóð

Framsýn, stéttarfélag samþykkti á sínum fyrsta fundi að senda frá sér svohljóðandi ályktun um mikilvægi íbúðalánasjóðs.

Framsýn, stéttarfélag Pingeyinga varar við hugmyndum um að skerða starfsemi íbúðalánasjóðs. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum, frá því

má alls ekki vikja. Í dag gegnir sjóðurinn lykilhlutverki í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni. Þá hefur sjóðurinn ítrekað sannað mikilvægi sitt fyrir þá sem vilja koma sér þaki yfir höfuðið óháð búsetu, sérstaklega nú þegar kreppir að hjá viðskiptabönkunum. Félagið skorar því á félagsmálaráðherra að standa styrkan vörð um sjóðinn og tryggja með því jafnrétti í húsnæðismálum.

Opnunartími í sumar

Skrifstofa stéttarfélaganna verður opin frá kl.

08:00 - 16:00 í sumar.

Það er frá 1.júní til 31. ágúst.

Opið er í hádeginu.



Unglingar á vegum Norðurljósa eru þessa daganna að fegra miðbæinn á Húsavík og var myndin tekin við það tækifæri af glæsilegu ungu fólki.

Námskeið í gangi fyrir starfsfólk leikskóla

Undanfarið hefur staðið yfir námskeið á vegum Þekkingarseturs Pingeyinga fyrir starfsfólk í leikskólum á svæðinu. Um er að ræða 210 stunda námskeið. Flestir þátttakendana eru í Framsýn, stéttarfélagi. Hér áður fyrr héldu stéttarfélögin uppi mjög öfluga fræðslustarfi sem nú er að mestu í höndum Þekkingarsetursins en

mjög gott samstarf hefur verið milli þessara aðila í að auka aðgengi félagsmanna að námi og námskeiðum við þeirra hæfi. Myndirnar eru teknar í fundarsal stéttarfélaganna af hörkukonum úr Mývatnssveit og Reykjadal sem voru á tölvunámskeiði sem er hluti af leikskólanáminu.



Bændasamtökin og SGS undirrita nýjan kjarasamning

Bændasamtökin og SGS undirrita nýjan kjarasamning

Í lok maí náðist samkomulag um nýjan samning um kaup og kjör starfsmanna sem vinna almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum. Gildir hann frá 1. maí sl. til loka nóvember 2010. Ýmis nýmæli eru í þessum samningi, svo sem að starfsmönnum eru nú tryggðar starfsaldurshækkunarir, auk þess sem ný ákvæði eru um aðbúnað og vinnuvernd. Þá fá landbúnaðarverkamenn aðgang að fræðslusjóðum atvinnulífsins.

Aðalsteinn Á. Baldursson sviðstjóri Matvælasviðs Starfsgreinasambands Íslands lýsir ánægju sinni með þennan samning. "Við höfum umbylt samningnum og fært hann nær veruleikanum. Við teljum að hann sé hagstæður báðum aðilum, bændum og þeim sem þeir ráða til starfa." Eiríkur Blöndal framkvæmdastjóri

Bændasamtakana tekur í sama streng og segir til bóta að í samningnum sé kveðið nánar en verið hefur á um það til hverra samningurinn nær, það er starfsmanna sem vinna við almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum, ráðskvenna/matráða og þeirra sem starfa við ferðaþjónustu í smærri stíl. Samningurinn kveður á um að byrjunarlaun skuli vera 152.711 kr. á mánuði fyrir yngri en 22 ára og að þau hækki í 160.030 kr. eftir sjö ára starf. Þá er kveðið á um að sé starfsmanni falin ábyrgð á búrekstri, svo sem við afleysingar í fríum bónda, skuli samið sérstaklega um álag fyrir það. Rétt er að taka fram að félagsmenn og bændur geta fengið samninginn á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Þá er gerð grein fyrir samningnum í Bændablaðinu sem kom út 10. júní sl.

Rekstur VMH gekk vel á starfsárinu

Verslunarmannafélag Húsavíkur hélt sinn síðasta aðalfund fyrir sameiningu við Verkalýðsfélagið þann 17. apríl, í fundarsal félagsins. Auk venjulegra aðalfundarstarfa var atkvæðagreiðsla um sameiningu félagsins við Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis og var sameiningin samþykkt samhljóða. Með sameiningu félagsins við Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis verður til framsækið og öflugt stéttarfélag sem hefur margt upp á að bjóða fyrir sína félagsmenn.

Meðal þess sem fram kom á fundinum var að rekstur félagsins gekk vel á síðasta ári og að allir sjóðir félagsins hefðu skilað tekjuafgangi þó svo að bætur og styrkir til félagsmanna hefðu hækkað talsvert á árinu.

Fullgildir félagsmenn 31. desember 2007 voru 137, konur 101 og

karlar 36. Félagsgjöld og iðgjöld ársins námu kr. 8.235.957 sem er 11,1% hækkun frá fyrra ári. Bætur og styrkir úr sjúkrasjóði námu kr. 2.797.036 til 65 félagsmanns, sem er 15,6% hækkun frá síðasta ári. Félagið er eigandi að 75% hlut í orlofsíbúð á 2. hæð að Freyjugötu 10a í Reykjavík með Þingið og gekk rekstur íbúðarinnar vel. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 15.237.588,- og eigið fé í árslok nam kr. 132.912.118 og hefur aukist um 6,2% að raungildi frá fyrra ári. Félagið er aðili að Starfsmenntunarsjóði verslunar og skrifstofufólks. Félagsmenn fengu kr. 717.982 í styrk frá sjóðnum á árinu 2007. Sjóðurinn styrkir tómstundanám, starfstengt nám og ferðakostnað félagsmanna.



Sigríður Birgis og Birgitta Bjarney Snavars hafa verið virkir félagar í Verslunarmannafélaginu, nú Framsýn.

Allt á fullu hjá GPG

Það hefur verið mikill kraftur í starfsemi GPG á Húsavík og Raufarhöfn. Þrátt fyrir að þorskvótinn hafi verið skorinn niður á yfirstandandi fiskveiðiári verður starfstöðvum fyrirtækisins ekki lokað umfram hefðbundinn sumarfrí starfsmanna. Það hefur verið ánægjulegt að sjá hvernig fyrirtækið hefur tekist á við kvótasamdráttinn því sum fyrirtæki í fiskvinnslu hafa lokað starfstöðvum sínum tímabundið í nokkra mánuði vegna niðurskurðarins.



Guðmundur Eiríksson er ekki á fyrsta árinu þegar kemur að þrifum. Hann hefur lengi starfað við þrif, bæði hjá Fiskiðjusamlagi Húsavíkur og nú Vísi á Húsavík og verið auk þess mjög farsæll í starfi enda góður verkmaður.

MYND:
BÖRÐUR ADAMSSON.



Megn óánægja með Matvælafrumvarpið

Alþingi er nú með til umfjöllunar lagafrumvarp sem Einar K. Guðfinnsson landbúnaðarráðherra hefur lagt fram á þingi og snertir matvælalöggjöfina. Merkustu nýmæli frumvarpsins eru að heimilt verður frá haustinu 2009 að flytja inn hrátt kjöt og önnur önnin matvæli. Jafnframt því verða gerðar róttækar breytingar á öllu eftirliti með hreinlæti og heilbrigði í matvælaframleiðslu. Fari frumvarpið í gegnum þingið óbreytt er ljóst að fjöldi fólks í matvælaíðnaði á Íslandi mun missa vinnuna á næstu árum.

Framsýn og önnur stéttarfélög á landsbyggðinni, sem eru með félagsmenn innan sinna raða sem starfa við úrvinnslu landbúnaðarafurða, hafa miklar áhyggjur af frumvarpinu og dæmi eru um að félög hafi ályktað um málið. Það sem kemur hins vegar á óvart er að Alþýðusamband Íslands, sem á að vera í því hlutverki

að standa vörð um hagsmuni félagsmanna, styður frumvarpið og sniðgengur þannig skoðanir og áhyggjur landsbyggðarfélaganna sem óttast verulegan samdrátt í þeirri atvinnugrein sem verið hefur hrygglegjan í atvinnulífi margar þéttbýlisstaða á landsbyggðinni. Sem betur fer var afgreiðsla frumvarpsins frestað til haustsins en til stóð að afgreiða það á vorþinginu. Formanni Framsýnar var boðið á fund þingmanna sem eru með frumvarpið til skoðunar. Þar gerði hann alvarlegar athugasemdir við nokkur atriði frumvarpsins sem koma illa við neytendur, bændur og starfsfólk sem starfar við þjónustu og úrvinnslu landbúnaðarafurða. Aðalsteinn segir að þingmennirnir hafi haft skilning á áhyggjum hans og boðið honum að koma með skriflegar athugasemdir við frumvarpið sem þeir tækju til skoðunar.

Góð afkoma og gleði meðal fundarmanna

Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis var mánudaginn 14. apríl. Hér koma nokkrar niðurstöður frá fundinum.

Fullgildir félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis voru 1.300 í árslok 2007 og hafði fjölgað milli ára. Þar af voru 546 konur eða 42% þeirra sem greiddu til félagsins og 754 karlar eða 58% þeirra sem greiddu til félagsins. Fjárhagsleg afkoma félagsins var góð á árinu 2007 líkt og undanfarin ár. Tekjuafgangur varð af öllum sjóðum félagsins alls um 80 milljónir.

Alls nutu 294 félagsmenn bóta frá sjúkrasjóði félagsins á árinu. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra sjúkrabóta og styrkja 11 milljónum. Á árinu 2007 fékk 201 félagsmaður greiddar kr. 5,9 milljónir í einstaklingsstyrki frá fræðslusjóðum í endurgreiðslur vegna náms eða námskeiða. Hér er um að ræða fræðslusjóði sem félagið á aðild að s.s. Landsmennt, Ríkismennt, Sjómennt og Sveitamennt.

Þrátt fyrir að atvinnuástandið hafi verið með ágætum á síðasta starfsári greiddi Vinnuálfstofnun félagsmönnum í Verkalýðsfélaginu

alls um 30 milljónir í atvinnuleysisbætur.

Samkvæmt könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Starfsgreinasamband Íslands á síðasta ári eru félagsmenn Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis ánægðastir með sitt félag innan sambandsins. Spurt var: Á heildina lítið finnst þér stéttarfélagið standa sig vel eða illa? Alls sögðu 96% svarenda að félagið stæði sig vel. 4% tóku ekki afstöðu.

Á aðalfundinum var samþykkt tillaga um að sameinast Verslunarmannafélagi Húsavíkur. Þetta var því síðasti aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis. Tillaga að nafni á nýja félagið var samþykkt samhliða sem og nýtt merki. Almenn ánægja kom fram á fundinum með starfsemi félagsins sem sjaldan eða aldrei hefur verið eins öflug og um þessar mundir. Fundarmenn voru jafnframt mjög ánægðir með niðurstöðu könnunar Capacent Gallup sem staðfestir að Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis er eitt af virtari stéttarfélögum landsins. Frekari upplýsingar um fundinn er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 4646600 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið kuti@vh.is.



Formanni VHN/Framsýnar bárnur hlýjar kveðjur um síðustu áramót frá fjölmönnum vinnustað á höfuðborgarsvæðinu sem staðfestir þá virðingu sem borin er fyrir starfi Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis nú Framsýn stéttarfélag. Með blómvendinum fylgdi svobljóðandi kveðja. Þakka þér fyrir hvað þú ert mikill baráttumaður fyrir okkur sem erum á lægstu laununum í þessu ríka þjóðfélagi. Undir kveðjunna ritaði trínaðarmaður starfsmanna.

Áhugi fyrir verkefni stéttarfélaganna

Töluvert hefur verið um að sveitarfélög, stéttarfélög, faghópar og fræðslumiðstöðvar hafi viljað fræðast um verkefni Skrifstofu stéttarfélaganna og Norðrupsings sem ber heitið "Samvinna og ábyrgð í málefnum innflytjenda". Til dæmis hafa starfsmenn stéttarfélaganna farið til Reykjavíkur, Þorlákshafnar, Reykjaneshæjar og til Vestmannaeyja auk þess sem fulltrúar frá Austurlandi sem starfa að þessum málum hafa komið í heimsókn til Húsavíkur til að fræðast um verkefnið. Síðustu fundirnir voru nýlega í

Vestmannaeyjum. Fyrir hádegi var Aðalsteinn formaður Framsýnar gestur á fundi VISKU sem er fræðslu og símenntunarmiðstöð þeirra eyjamanna þar sem hann gerði grein fyrir verkefninu. Seinna sama dag flutti hann sama erindi fyrir presta, starfsfólk í skólum og heilbrigðisþjónustu, félags- og skólaskrifstofu. Var góð mæting á báðum fundum og erindi Aðalsteins bæði fróðlegt og gagnlegt segir á heimasíðu Visku. (viska.eyjar.is)



Starfsemi Verkalýðsfélagsins gekk vel á síðasta ári. Tekjuafgangur varð af öllum sjóðum félagsins. Þá kom félagið mjög vel út í könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Starfsgreinasamband Íslands á síðasta ári. Spurt var: Á heildina lítið finnst þér stéttarfélagið standa sig vel eða illa? Alls sögðu 96% svarenda að félagið stæði sig vel. 4% tóku ekki afstöðu. Félagið kom best út úr könnuninni hvað þessa spurningu varðaði þar á eftir kom Verkalýðsfélag Akraness.



Guðmundur Karl og Savar bragða hér á veitingum sem voru í boði á fundinum.

Gisting á Farfuglaheimilum

Félagsmönnum býðst nú að fá aukna niðurgreiðslu vegna gistingar á 25 Farfuglaheimilum víða um land. Þeir sem gista á farfuglaheimilum fá aðgang að rúmi, sæng, kodda, snyrtingu, baðaðstöðu og gestaeldhúsi. Algengast er að ferðamenn hafi með sér sængurföt eða svefnpoka en hægt er að leigja sængurföt á staðnum.

Til að nýta sér þennan kost nálgast félagsmenn gistimiða hjá Skrifstofu stéttarfélaganna. Miðinn gildir sem gisting í herbergi með sameiginlegri snyrtingu (grunngjald). Þeir félagsmenn sem nýta sér þennan kost fá þar með gistinguna niðurgreidda að fullu. Hver félagsmaður getur fengið allt að 5 gistinætur niðurgreiddar á ári.

Þeir sem óska þess að gista í sérherbergjum eða herbergjum með sérsnyrtingu greiða fyrir það sérstaklega

Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu farfugla www.hostel.is og á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is

Sókn er besta vörnin

- sameining stéttarféлага á heimavelli -

Á undaförnum árum hefur verið unnið að því að sameina stéttarfélög í Pingeyjarsýslum þar sem of litlar einingar ná ekki að vera það afl sem þau annars gætu verið í stærri einingum. Verkalýðsfélag Húsavíkur, Verkalýðsfélag Raufarhafnar og Verkalýðsfélag Öxarfjarðar hafa þegar sameinast og ég spái því að Verkalýðsfélag Þórshafnar og Pingið, félag iðnaðarmanna í Pingeyjarsýslum sameinist Framsýn á allra næstu árum. Það gerist aðeins ef félögin sjá hag sínum betur borgið með því frekar en að standa áfram ein og sér. Eitt er víst að þeim stendur til boða að sameinast Framsýn á jafnréttisgrundvelli. Hins vegar á starf stéttarféлага ekki að snúast um stærð þeirra heldur þjónustu við félagsmenn. Í könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Starfsgreinasamband Íslands á síðasta ári mátti sjá sterkar vísbendingar um að ánægja félagsmanna fór greinilega ekki eftir stærð félaga heldur þjónustustigi. Samkvæmt könnuninni komu meðal stóru félögin eins og Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis best út úr könnuninni hvað þennan þátt varðaði. Því er ekki að leyna að þær skoðanir hafa verið uppi innan heildarsamtaka launafólks að besta leiðin til að efla starf stéttarféлага sé að sameinast á landsvísi. Þessari skoðun er ég algjörlega ósammála og tel miklu sterkara fyrir okkur á landsbyggðinni að efla einingarnar á hverju landssvæði sem mótvægi við höfuðborgarsvæðið. Þá hafa sterk stéttarfélög alla burði til að vera leiðandi afl í sinni heimabyggð. Þannig hafa Verkalýðsfélagið og Verslunarmannafélagið starfað og verið virkir aðilar í samfélaginu með þátttöku í verkefnum sem miðast hafa að því að bæta búsetuskilyrði á félagssvæðinu. Þá hafa félögin látið gott af sér leiða með framlögum til góðgerðarmála, tækjakaupa fyrir stofnanir og skóla í Pingeyjarsýslum auk þess að leggja fjármagn í æskulýðs- og íþróttastarf. Góð afkoma og aðhald í rekstri hefur gert félögunum þetta kleift. Sömu sögu er ekki að segja af þeim stéttarfélögum/landsfélögum sem ekki hafa starfsemi í Pingeyjarsýslum fyrir þá félagsmenn sem þar starfa. Þessi félög hafa skilað litlu sem engu inn á svæðið enda höfuðstöðvar þeirra í flestum tilvikum í Reykjavík. Félagsmönnum Verslunarmannafélagsins og Verkalýðsfélagsins hugnast ekki þessi leið. Þeir vilja halda í þá góðu þjónustu sem þeir hafa haft aðgang að og efla hana enn frekar. Þeir kæra sig heldur ekki um að skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík verði lokað og þjónustan

verði sótt suður til Reykjavíkur eða í landshlutaskrifstofu á Akureyri. Það er nóg komið, opinber þjónusta og atvinnustarfsemi hefur sagast frá svæðinu á síðustu árum ekki síst suður til Reykjavíkur. Þess vegna var 1. maí 2008 mikill gleðidagur í sögu launþega í Pingeyjarsýslum þegar Framsýn- stéttarfélag var stofnað en um þessar mundir eru tæplega 100 ár síðan Verkamannafélag Húsavíkur var stofnað sem er forveri þeirra félaga sem sameinast nú undir nafninu, Framsýn- stéttarfélag. Markmið nýja félagsins verður að kappkosta að standa vörð um hagsmuni félagsmanna og samfélagsins í heild. Ljóst er að félagið tekur við góðu búi og þá nýtur Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis mikillar virðingar meðal félagsmanna samkvæmt skoðanakönnun sem gerð var fyrir Starfsgreinasamband Íslands. Reyndar nær sú virðing út fyrir félagssvæðið enda starfsemi þess vakið mikla athygli víða um land. Það er von þeirra sem standa að Framsýn að félagið taki við keflinu og verði leiðandi í baráttu launþega fyrir bættum kjörum, ekki síst þeirra sem njóta þess vafasama heiðurs að vera á lægstu kaupþöxtunum sem þekkjast á Íslandi. Stéttarfélög sem vilja láta taka sig alvarlega, eiga ekki síður að vera skjól fyrir öryrkja og aldraða með því að gæta hagsmuna þeirra í hvívetna. Þessir hópar ásamt láglaunafólki hafa ekki notið þeirrar virðingar sem þeim ber. Á tímamótum sem þessum þegar verkafólk í Pingeyjarsýslum sameinast í öflugt stéttarfélagi var ánægjulegt að sjá hversu margir lögðu leið sína í íþróttahöllina 1. maí til að taka þátt í gleðinni og deginum sem hefur ákveðna merkingu í hugum okkar allra. Gestir voru á öllum aldri, það var ekkert kynslóðabil. Það er von mín að nýja félagið Framsýn, stéttarfélag verði öflugt félag og þar með öryggisnet fyrir félagsmenn. Til hamingju með nýja félagið.

Aðalsteinn Á. Baldursson
Formaður Framsýnar,
stéttarfélags



Þessa skemmtilegu mynd tók Einar Örn Arnarson um borð í Guðmundi í Nesi, af þeim Stebbi Hallgríms og Údda. Eins og sjá má redda menn sér um borð.



Á góðum sumardögum er fátt betra en að vinna úti við og njóta um leið góða veðursins. Atli Steinn og Valtýr sem starfa hjá Garðvík töldu fulla ástæðu til að fækka fótum einn góðan sólskinsdag í lok maí.

Fjallalamb býður starfsfólki í fjarnám.

Fjallalamb bauð í byrjun apríl starfsfólki upp á fjarnám hjá www.fjarkennsla.is. Um er að ræða þjálfun og kennslu í öllum helstu forritum sem notuð eru í dag s.s. windows, word, excel, outlook, power point, photoshop og margt fleira. Námið miðar að því að bjálfa starfsfólk í notkun þessara

forrita og er mjög notadrygt bæði heima og í vinnu. Tólf starfsmenn nýttu sér þetta tækifæri og eru þegar komnir með aðgang að þessu námi en aðgangurinn gildir í eitt ár. Fleiri fyrirtæki mættu taka Fjallalamb sér til fyrirmyndar og bjóða starfsmönnum upp á aukði aðgengi að námi.



Fjallalamb á Kópaskeri stendur sig vel í starfsmenntun starfsmanna.

Heimsókn í Hafralækjarskóla

Heimsókn í Hafralækjarskóla Snæbjörn Sigurðarson, starfsmaður stéttarfélaganna fór í heimsókn í 10. bekk Hafralækjarskóla og flutti fyrirlestur um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og um starfsemi stéttarféлага sem er hluti af lífsleikinámi nemendanna. Í fyrirlestrinum fór Snæbjörn m.a. yfir þau atriði sem eru hvað mikilvægust fyrir ungt fólk þegar þau stíga sín

fyrstu skref á vinnumarkaði, það er lágmarkslaun, gagnkvæm réttindi og mikilvægi þess að leita aðstoðar hjá sínu stéttarfélagi ef á þarf að halda. Einnig fór hann yfir starfsemi stéttarfélaganna í Píngeyjarsýslum og þau réttindi sem félagsmenn njóta þar. Nemendur voru duglegir að spyrja meðan á fyrirlestrinum stóð en greinilega var að þeir voru nokkuð fróðir um þessi mál fyrir.



Nemendur í 10. bekk Hafralækjarskóla sem hlýddu á fyrirlesturinn.



Framsýn, stéttarfélag stefnir að því að stýðja vel við bakíð á ungu afreksfólki. Um síðustu helgi afhendi félagið meistaraflokki Völsungs í karla og kvennaflokki vandaða boli að gjöf. Hér eru fyrirliðar liðana í nýju bolunum þau Helga Björg Pálmadóttir og Kristján Óskarsson. Það er von Framsýnar að liðunum eigi eftir að ganga vel á knattspyrnuvellið í sumar.

Framsýn gengur frá sér samningum

Framsýn hefur gengið frá samningum við Fjallalamb, Silfurstjórnuna og Rifós sem tryggir starfsmönnum betri kjör en þeir annars hefðu, tækju þeir laun eftir kjarasamningi

Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Samningarnir hafa þegar verið samþykktir af starfsmönnum fyrir tækjanna og því tekið gildi.

Kennitala Framsýnar

Við sameiningu Verkalýðsfélagsins og Verslunarmannafélagsins í Framsýn, stéttarfélag var ákveðið að nota kennitölu Verkalýðsfélagsins fyrir nýja félagið sem er **680269-7349**.

Þingiðn lækkar félagsgjaldið í 0,7%

Aðalfundur Þingiðnar var haldinn Á veitingastaðnum Sölu þann 13. maí. Á fundinum kom fram að félagsgjöld og iðgjöld ársins 2007 námu kr. 6.094.904,- sem er 3,8% lækkun frá fyrra ári en þá varð smá lækkun milli ára. Bætur og styrkir úr sjúkrasjóði námu kr. 663.713,- til 14 félagsmanna sem er lækkun frá árinu 2006. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 13.736.901,- og eigið fé í árslok nam kr. 120.652.957,- og hefur aukist um 6,6% að raungildi frá fyrra ári. Félagar í lok árs 2007 voru 94, þar af voru 2 konur og 92 karlar. Þess má geta að 100% félagskvemma mættu á aðalfundinn.

Á fundinum var lögð fram tillaga um að lækka félagsgjald úr 1% í 0,7% í ljósi góðrar afkomu félagsins. Eftir nokkrar umræður var tillagan samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða og tekur breytingin gildi þann 1. júní 2008.

Fyrir fundinum lá tillaga kjörnefndar um skipan í stjórn og nefndir félagsins til næstu tveggja ára og var tillagan samþykkt samhljóða. Stjórn félagsins er þannig skipuð til ársins 2010: Jónas Kristjánsson, formaður. Svandís I. Sverrisdóttir, varaformaður. Daníel Jónsson, ritari. Þórður Aðalsteinsson, gjaldkeri. Jónmundur Aðalsteinsson, meðstjórnandi. Í varastjórn voru kjörnir Kristinn Gunnlaugsson, Stefán Sveinbjörnsson, Erlendur Salómonsson og Vígfús Þór Leifsson. Í starfsemi félagsins frá síðasta aðalfundi bar þetta hæst:

Félagið samþykkti að veita Samiðn samningsumboð f.h. félagsins en kjarasamningar iðnaðarmanna voru lausir 31. desember 2007.

Félagið stóð fyrir félagsfundum á kjaramál 4. október 2007. Gestur fundarins var Finnbjörn Hermannsson formaður Samiðnar. Fundurinn var hugsaður sem undirbúningsfundur vegna mótnunar kröfugerðar félagsins. Fundurinn varð fjórugur og komu fundarmenn skýrum skilaboðuð á framfæri við formann Samiðnar er varðaði áherslur félagsmanna. Krafa félagsmanna var að laun iðnarmanna yrðu hækkuð verulega í komandi kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins.

Félagið stóð einnig fyrir kjarakönnun meðal félagsmanna sem komið var á framfæri við samninganefnd Samiðnar. Könnunin leiddi í ljós að laun iðnaðarmanna eru verulega lægri á félagssvæði Þingiðnar en gengur og gerist á höfuðborgarsvæðinu.

Formaður Samiðnar, Finnbjörn Hermannsson, kom í heimsókn til félagsins í febrúar sl. og kynnti kjarasamning Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaður var 17. febrúar 2008.

Í póstatkvæðagreiðslu um samninginn var hann samþykktur. Á kjörskrá voru 63, þar af greiddu 29 atkvæði eða 46,3% þeirra sem höfðu kjörgengi. Atkvæði féllu þannig, já sögðu 20 eða 68,97% félagsmanna. Nei sögðu 8 eða 27,59% félagsmanna. Auðir og ógildir seðlar voru 1 eða 3,45%.



Orlofsuppbót

Í sumar eiga félagsmenn Framsýnar sem starfa á almenna vinnumarkaðinum og hjá ríkinu rétt á orlofsuppbót kr. 24.300 m.v. fullt starf og hlutfallslega miðað við starfstíma á síðasta orlofsári. Fullt starf í þessu sambandi eru 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Sama ákvæði á við um iðnaðarmenn innan Þingiðnar. Verslunar- og skrifstofufólk innan

Framsýnar á rétt á orlofsuppbót kr. 18.400,- miðað við fullt starf og hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Félagsmenn Framsýnar sem starfa hjá sveitarfélögum áttu rétt á 23.600 króna orlofsuppbót 1. maí sl. Miðað við fullt starf og hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Vinsamlegast leiðið til Skrifstofu stéttarfélaganna ef frekari upplýsinga er þörf.

Nýr orlofsréttur!

Í síðustu kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins á almenna vinnumarkaðinum var samþykkt að hækka orlofsrétt fólks. Lágmarksorlof verður áfram 10,17% eða 24 dagar. Eftir að starfsmaður hefur unnið í 5 ár í sama fyrirtæki eða 10 í sömu starfsgrein skal rétturinn vera 10,64% eða 25 dagar. Með sama hætti öðlast starfsfólk, sem unnið hefur 10 ár hjá sama fyrirtæki 29 daga orlofsrétt og 12,55% orlofslaun (Rétturinn tekur gildi 1. maí 2008 þannig að hærri orlofsprósenta er greidd frá

þeim tíma en dagurinn kemur til tóku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2008). Hinn 1. maí 2010 lengist rétturinn eftir 10 ára starf í sama fyrirtæki í 30 daga og orlofslaun verða 13,04%. Starfsmaður sem hefur fengið aukinn orlofsrétt vegna starfa í sama fyrirtæki öðlast hann að nýju eftir 3 ár hjá nýjum atvinnurekanda, enda hafir rétturinn verið staðreyndur. Rétt er að hvetja félagsmenn Framsýn, Verkalýðsfélags Þórshafnar og Þingiðnar að skoða hvort þeir séu að fá rétta orlofsprósentu.



Okkar maður í Noregi, Kristján "Beggi" Olgeirsson, hefur undanfarnar vikur starfað hjá FaktaBygg, fyrirtæki Kristjáns Eymundar í Stavanger. Kristján er Húsvikingur eins og Beggi. Töluvert hefur verið um að iðnadamenn í Þingeyjarsýslum hafi þurft að leita út fyrir svæðið eftir verkefnum vegna skorts á verkefnum á heimamarkaði. Tíðindamaður Fréttabréfsins í Noregi Víðir Pétursson tók þessa mynd af Begga í góða veldinu í Noregi og sendi Fréttabréfinu. Við kunnnum honum bestu þakkeir fyrir.



Halldis Gríma Halldórsdóttir, Svala Rut Stefánsdóttir eru hér með Sene Sankla sem er verslunarstjóri í Ásbyrgi í Keldubverfi.



Lotta og Lára eru hér að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn á Kópaskeri með því að bera fjúavörn á tréverk sem er við tjaldsvæðið á Kópaskeri.

VIÐ ERUM FRAMSÝN!



FRAMSÝN

STÉTTARFÉLAG PINGEYINGA

**ÞANN 1. MAÍ 2008 SAMEINUÐUST VERSLUNARMANNAFÉLAG HÚSAVÍKUR OG
VERKALÝÐSFÉLAG HÚSAVÍKUR OG NÁGRENNIS UNDIR NAFNINU**

FRAMSÝN, STÉTTARFÉLAG.

**FÉLAGIÐ ÆTLAR SÉR AÐ VERA Í FREMSTU RÖÐ STÉTTARFÉLAGA Á
ÍSLANDI, FÉLAGSMÖNNUM TIL HAGSBÓTA.**

Fólkið á bak við hátíðartjöldin!

Það er ljóst að það er mikil vinna fólgin í því að taka á móti hátt í þúsund gestum en stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar tók að sér að sjá um hátíðarhöldin 1. maí. Full ástæða er til að þakka þeim

fyrir frábæra vinnu ekki síst þar sem fjöldinn fór fram úr björtustu vonum. Skemmtidagskráin og borðhaldið gekk hnökralaust fyrir sig og voru veislugestir almennt mjög ánægðir með viðgjörninginn.



Einar Friðbergsson setur upp strigann fyrir aftan sviðið. Hann tók völdin af formanni Framsýnar og neitaði bonum um að fara upp í stigann eins og í fyrra þegar hann datt úr bonum og slasaðist. Einar taldi því ekki ráðlegt að Adalsteinn færi upp í stigann og að sjálfsögðu hlýddi formadurinn.



Það var ekki annað að sjá en að Torfi og Adalsteinn Gísla væru vanir eldhúsverkum en þeir beltu upp á kaffið fyrir veislugestina með "smá" hjálpi.

Viltu hlusta á Framsýnar lagið

Á hátíðarhöldunum 1. maí var frumflutt lag sem tileinkað er stofnun Framsýnar stéttarfélags. Hörður Þór Benónýson samdi textann og Guðni Bragason lagið. Þess má geta að þeir eru báðir komnir af miklum verkalyðsættum. Þeir sem vilja hlusta á lagið geta farið inn á heimasíðu stéttarfélaganna

framsyn.is. Til vinstri á forsiðunni stendur Framsýn-stéttarfélag. Þegar ýtt er á þann flipa koma nokkrir undir flipar m.a. stendur á einum Framsýnarlagið. Sé ýtt á þann flipa kemur lagið góða í allri sinni dýrð. Svo er um að gera að syngja og dansa við lagið og þá verða allir glaðir.

Atvinnurekendur ath.

Frá 1. júní 2008 greiða atvinnurekendur sem greiða starfsmönnum laun eftir kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins 0,20% í fræðslugjald í staðinn fyrir 0,15% af launum starfsmanna sem rennur til Landsmenntar.

Gjaldinu er skilað með félagsgjöldum til Skrifstofu stéttarfélaganna. Sama regla gildir fyrir atvinnurekendur sem greiða starfsmönnum laun eftir kjarasamningi Landssambands ísl. verslunarmanna og Samtaka atvinnulífsins. Starfsmenntagjaldið rennur til Starfsmenntasjóðs Verslunar- og skrifstofufólks.

Vinsamlegast leitið frekari upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna ef eitthvað er óljóst.

Glæsileg hátíðarhöld á Húsavík

Fjölmarginir skemmtikraftar komu fram á hátíðarhöldunum sem haldin voru í íþróttahöllinni á Húsavík 1. maí. Meðal þeirra sem komu fram voru Jóhannes Kristjánsson eftirherma, Söngfélagið Sálubót, Birgitta Haukdal, Vignir Snær Vignisson, Magni Ásgeirsson og Guðni Braga ásamt stórsveit. Ræðumaður dagsins var Ingibjörg R. Guðmundsdóttir varaforseti ASÍ.

Á hátíðarhöldunum var gengið endanlega frá sameiningu

Verkalýðsfélagsins og Verslunarmannafélagsins undir nafninu Framsýn, stéttarfélag. Talið er að um 900 manns hafi tekið þátt í hátíðarhöldunum. Stéttarfélagin vilja þakka skemmtikröftum, gestum og öðrum þeim sem komu að því að gera hátíðarhöldin jafn glæsileg og raun ber vitni fyrir framlag þeirra, en hátíðin var ein sú fjölmennasta sem haldin var á Íslandi í ár á 1. maí.

Myndir: Hafþór Hreðarsson.



Ferðahjónustan er hafin í Þingeyjarsýslum. Systurnar Gudrún og Sigrún ásamt vinkonunum Heiðu og Guðrínu voru að þrifa húsnæði Fosshótelis á Langum síðasta föstudag þegar fulltrúar Framsýnar voru þar á ferð.

Félagsmenn VMH og VHN halda sínum réttindum

Við sameiningu Verslunarmannafélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis í Framsýn, stéttarfélag tekur nýja félagið við öllum réttindum og skyldum beggja félaganna.

Eldri félagsmenn í leikhúsi

Í vor stóð Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis nú Framsýn fyrir leikhúsfærð fyrir eldri félagsmenn í Breiðumýri. Um 100 félagsmenn þáðu boð félagsins og fóru á sýninguna, þar sem Djöflaeyjan rís í uppsetningu Ungmennafélagsins Eflingar í Reykjadal. Farið var

með rútum frá Húsavík og voru sýningargestir ánægðir með sýninguna og lofuðu jafnframt félagið fyrir að bjóða þeim á leiksýninguna sem var hin mesta skemmtun og Reykdælingum til mikils sóma.



Það var glaður hópur eldri félagsmanna sem þáði boð Framsýnar og fór í leikhúsfærð í Breiðumýri.

Framsýnir unglingar

Tæplega 30 nemendur Framhaldsskólans á Húsavík komu við á Skrifstofu stéttarfélaganna til að kynna sér starfsemi stéttarfélaganna. Með í för var Ingólfur Freysson kennari. Afar gott samstarf hefur verið milli Framhaldsskólans og stéttarfélaganna undanfarin ár sem byggst hefur á því að nemendur skólans hafa komið í heimsóknir til að fræðast um stéttarfélagin,

kjarasamninga og atvinnulífið á svæðinu. Unglingarnir sem komu í heimsóknina voru mjög áhugasamir og spurðu mikið út í réttindamál og þau mál sem stéttarfélög eru að fást við á hverjum tíma. Það var samdóma álit þeirra að þau hefðu bæði haft gagn og gaman að því að hlýða á fyrirlestur starfsmanna stéttarfélaganna.



Það var stutt í brasið hjá nemendum FSH þegar þau komu í heimsókn til stéttarfélaganna áður en skólanum lauk í vor.

Hefur þú heyrt það?

Nýjar fréttir, gamlar fréttir, fróðleikur kjaftasögur og allt þar á milli fá finna á heimasíðu stéttarfélaganna **framsyn.is**.

Sjón er sögu ríkari, skoðaðu síðuna í dag.

Gagnleg ferð til Reyðarfjarðar

Fulltrúar Framsýnar fóru í apríl í kynnisferð til Alcoa á Reyðarfirði. Rúmlega 20 fulltrúar voru í sendinefndinni auk Kristjáns Halldórssonar starfsmanns Alcoa á Húsavík. Á Reyðarfirði var vel tekið á móti gestunum og þeim boðið að borða og skoða álverið auk þess sem þeim gafst tækifæri á að ræða við nokkra starfsmenn sem starfa hjá fyrirtækinu. Ekki var annað að heyra en þeir væru almennt mjög ánægðir með lífið og tilveruna. Þess má geta að 409 starfsmenn, þar af nokkrir Pingeyingar, vinna um þessar mundir hjá Alcoa. Starfsmenn eru langflestir Íslendingar og mun þeim fjölga þegar öll kerin 336 verða komin í notkun á næstu vikum. Þegar fulltrúar Framsýnar voru

á ferð höfðu 326 ker verið tekin í notkun.

Þegar fulltrúar Verkalýðsfélagsins gengu um álverið mátti sjá þó nokkuð af konum við störf en þær eru um 30% starfsmanna. Ljóst er að fyrirtækið leggur mikið upp úr því að vera framsækin og fjölskylduvænn vinnustaður.

Tilkoma álversins hefur kallað á mikla uppbyggingu á svæðinu og hefur mikið verið byggt á Reyðarfirði og á öðrum þéttbýlisstöðum sem eru í næsta nágrenni við álverið. Þá hefur smærri fyrirtækjum sem þjónusta álverið fjölgað hratt og fer enn fjölgandi.

Fram kom hjá Alcoa mönnum að mikill áhugi væri fyrir uppbyggingu álvers á Bakka við Húsavík.



Táknræn mynd, beðið eftir álveri! Hér er Jakob Hjaltalín að hríla láin bein eftir skoðunarferðina um álverið sem er risastór bygging.



Þessa skemmtilegu mynd tók Kristján Halldórsson af Gunnari Sigurðarsyni sem situr í trúnaðarmannaráði Framsýnar. Vindkerið á þetti hjálminum af Gunnari og er myndin tekin á því augnabliki.



Borað eftir orku fyrir álver við Húsavík. Gunnar Sævars og Grímur Kára trúnaðarmaður starfsmanna leita hér að orku fyrir væntanlegt álver við Húsavík. Þeir starfa báðir á bornum Jötni sem undanfarna mánuði hefur borað eftir orku á Kröflusvæðinu. Á fjórða tug félagsmanna Framsýnar vinna orðið hjá Jarðborunum. Mynd: Vilbjálmur Sigmundsson

Hlýjar kveðjur frá samtökum launafólks

Margar góðar kveðjur og gjafir bárust stofnfundi Framsýnar, stéttarfélags frá landssamböndum og stéttarfélögum á hátíðarfundinum 1. maí. Alþýðusamband Íslands og Landssamband ísl. verslunarmanna sendu félaginu fallegar blóma-körfur. Þá bárust sömuleiðis blómaskreytingar frá Einingu-iðju

Eyjafirði, Afli- starfsgreinafélagi, Verkalýðsfélagi Akraness, Verkalýðsfélagi Þórshafnar og Þekkingarsetri Pingeyinga. Auk þessa bárust heillaóskir frá formönnum og stéttarfélögum víða um land. Félagsmenn Framsýnar þakka öllum hlutaðeigandi aðilum fyrir hlýhug í garð félagsins.

NÝTTU ÞÉR STIGHÆKKANDI VEXTI

HELSTU KOSTIR VAXTAÐREPS:



Vaxtaþrep er sparnaðarreikningur sem býður upp á **háa og örugga** ávöxtun.

Kynntu þér málið á www.glitnir.is, í næsta útibúi eða í þjónustuveri í síma **440 4000**

GLITNIR